



NÁTTÚRUSTOFA  
VESTFJARÐA

# Gróður og fuglar við Fossárvirkjun í Engidal í Skutulsfirði

Unnið fyrir Orkubú Vestfjarða

Hafdís Sturlaugsdóttir  
Böðvar Þórisson

September 2012  
NV nr. 9-12

## ÚTDRÁTTUR

Fyrirhugað er að endurnýja Fossárvirkjun, í Engidal í Skutulsfirði, með byggingu nýs stöðvarhúss og endurbyggingu á þrýstivatnspípu.

Engar heimildir fundust um gróðurfar og fugla á þessu svæði en bæði fuglalíf og gróður hefur þó verið kannað í nágrenni svæðisins t.d. í fjallshlíðum Kubba í Skutulsfirði.

Gróður var athugaður á svæði frá Fossavatni og niður að Langá þann 17. ágúst 2012. Alls voru skoðað um 100 ha svæði eða 0,1 km<sup>2</sup>. Við könnun á skráðum plöntum í reitum nr. 3137 og 3138 kom í ljós að í öðrum reitnum hefur fundist eggvívíblaðka, en hún er friðuð. Sérstaklega var leitað eftir þeirri tegund á vettvangi.

Fuglar voru athugaðir 17. ágúst 2012 en þar sem lítið er af varpfugli eftir á svæðinu á þeim tíma þá var lagt mat á búsvæðin með tilliti til hvaða tegundir gætu verið varpfuglar á svæðinu.

Svæðið einkennist af lyngmóum með mismundi lyngtegundum og graslendi. Ofan til næst Fossavatni eru mosaholt með smárunnum og krækilyngsmóar með klóffu- og hengistarmýri á milli. Neðar eru lyngmóar meira áberandi og þar eru miklar aðalbláberjabrekkur en einnig er krækilyng, bláberjalýng og fjalldrapi. Niður við Langána er mýrlendi með tjarnarstör og mýrelftingu, alls um 2,5 ha að stærð. Einnig eru þar tún og graslendi, beggja megin ár. Alls fundust 89 villtar íslenskar tegundir háplantna og byrkninga á svæðinu. Allar plöntutegundirnar sem fundust eru algengar á þessu landsvæði og flestar á landsvísu.

Einungis sáust fjórar tegundir í athugininni 17. ágúst 2012. Þær voru: Maríuerla (*Motacilla alba*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), heiðlóa (*Pluvialis apricaria*) og ein straumandarkolla (*Histrionicus histrionicus*) á Fossavatninu. Á þessu svæði má búast við þúfutittling, steindepil (*Oenanthe oenanthe*), snjótittling (*Plectrophenax nivalis*) og heiðlóu. Neðar eru lyngmóar ríkjandi ásamt stórum aðalbláberjabrekkum. Þúfutittlingur er líklega langalgengastur á þessu svæði. Neðst, við Langá, er mýrlendi með tjarnarstör og mýrarelftingu. Þúfutittlingur og hrossagaukur (*Gallinago gallinago*) ættu að vera algengastir á því svæði en hugsanlega gætu þar verið jaðrakar (*Limosa limosa*), stelkur (*Tringa totanus*) og lóupræll (*Calidris alpina*).

Gróðurlendin og plöntutegundir sem skráðar voru á rannsóknarsvæðinu eru algengar á Vestfjörðum. Flestar eru líka algengar á landsvísu, sérstaklega á snjóþyngri stöðum. Rask vegna lagningar á nýrri þrýstipípu verður aðallega tímabundið. Miðað við fyrirhugaða staðsetningu á stöðvarhúsi þá mun mýri raskast en staðsetning hússins hefur þó ekki verið endanlega ákveðin (sjá Orkubú Vestfjarða 2012). Það er því ekki hægt að segja til um hvað mikið af mýrinni raskast fyrir en endanleg staðsetning hefur verið ákveðin.

Ný staðsetning á þrýstivatnspípu mun líklega ekki hafa áhrif á fuglalíf á svæðinu. Staðsetning á stöðvarhúsi í mýrinni ætti ekki að hafa mikil áhrif á þúfutittling og hrossagauk þar þeir verpa oft nálægt mannvirkjum. Ef jaðrakar, stelkur og/eða lóupræll verpa í mýrlendinu þá gæti bygging á stöðvarhúsi þar haft áhrif á þær tegundir.

Í heild mun framkvæmdin líklega hafa lítil sem engin áhrif á varpfugla á svæðinu.

## EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR.....	2
EFNISYFIRLIT .....	3
INNGANGUR.....	4
AÐFERÐIR.....	4
Gróður .....	4
Fuglar .....	4
Rannsóknarsvæðið .....	5
NIÐURSTÖÐUR .....	7
Gróðurfur.....	7
Tegundir plantna .....	10
Fuglar .....	12
Umræður.....	13
Gróður .....	13
Fuglar .....	14
Heimildir .....	15

## INNGANGUR

Fyrirhugað er að endurnýja Fossárvirkjun, í Engidal í Skutulsfirði, með byggingu nýs stöðvarhúss og endurbyggingu á þrýstivatnspípu. Stöðvarhúsið verður staðsett um 750 m neðar (norðar) en núverandi stöðvarhús en sú staðsetning gæti breyst eftir atvikum. Ný þrýstipípan mun færast norðar að stærstum hluta en færslan verður mest við fyrirhugað nýtt stöðvarhús eða um 750 m (Orkubú Vestfjarða 2012).

Engar heimildir hafa fundist um gróðurfar á þessu svæði en þó er nefnt í árbók Ferðafélags Íslands að „*Engidalur er dýpstur og mestur Skutulsfjarðardala og búsvæðarlegur frá náttúrunnar hendi, eftir því sem gerist vestur hér*“ (Jóhann Skaptason 1949). Fuglalíf hefur einnig ekki verið kannað á þessu svæði áður en athuganir hafa verið gerðar á fuglum á leirum í botni Skutulsfjarðar (Sigurður Ægisson 1992) og á varpfugli í fjallshlíðum í Kubba (Böðvar Þórisson 2005) sem er á milli Engi- og Dagverðardals.

Að beiðni Orkubús Vestfjarða var gróðurfar athugað ásamt lagt mat á hvaða varpfuglar gætu verið á svæðinu.

## AÐFERÐIR

### Gróður

Gróður var athugaður á svæði frá Fossavatni og niður að Langá. Alls voru skoðað um 100 ha svæði eða 0,1 km<sup>2</sup>. Við könnun á skráðum plöntum í reitum nr. 3137 og 3138 (Náttúrufræðistofnun Íslands 2008) kom í ljós að í öðrum reitnum hefur fundist eggvívlaðka (*Listera ovata*), en hún er friðuð. Sérstaklega var leitað eftir þeirri tegund á vettvangi.

Gróðurland kort af svæðinu eru ekki til. Í gagnabanka Náttúrufræðistofnunar Íslands eru til plöntulistar yfir háplöntur í 10x10 km (100 km<sup>2</sup>) reitum frá þessu svæði en framkvæmdasvæðið er um 0,1 km<sup>2</sup>. Framkvæmdasvæðið er í reitum 3137 og 3138. Plöntulistarnir voru athugaðir fyrir vettvangsferð til að kanna hvort í reitunum væru plöntur á valista háplanta (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996).

Gróður var kortlagður á vettvangi þann 17. ágúst 2012. Við gróðurskoðun var gengið um svæðið og skráðar plöntutegundir. Gróður var flokkaður í gróðurlendi með sjónmati og þekja skráð.

Gróðurlendin voru teiknuð í tölvu á loftmyndir, frá Loftmyndum ehf. Myndirnar voru teknar úr 3.300 m hæð árið 2011.

Notaður var gróðurflokkunarlykill Náttúrufræðistofnunar frá 1997 (Náttúrufræðistofnun Íslands, 1997).

### Fuglar

Gengið og keyrt var um fyrirhugað framkvæmdarsvæði þann 17. ágúst 2012. Skráðir voru þeir fuglar sem sást og heyrðust en einnig var lagt mat á búsvæðin með tilliti til hvaða tegundir gætu verið varpfuglar á svæðinu.

## Rannsóknarsvæðið

Rannsóknarsvæðið er innarlega inn í Engidal í Skutulsfirði. Svæðið nær frá Fossavatni og niður að Langá. Fossavatnið er í 350 m hæð yfir sjávarmáli og úr því rennur Fossá (mynd 1).



Mynd 1. Athugunarsvæðið (rauður kassi) inn í Engidal í Skutulsfirði.

Landbúnaður er inn í Engidal og því eru tún á svæðinu og ná þau inn fyrir núverandi rafstöðvarhús (mynd 2 og 3). Á mynd 2 má sjá framkvæmdarsvæðið ásamt núverandi þrýstipípu og stöðvarhúsi en einnig það sem er áætlað að komi.





Mynd 2. Framkvæmdarsvæðið (Orkubú Vestfjarða 2012).





Mynd 3. Stöðvarhús Fossárvirkjunar inn í Engidal. Myndin tekin af vegslóða sem liggur að Fossavatni.


## NIÐURSTÖÐUR

### Gróðurfur

Svæðið einkennist af lyngmóum með mismundi lyngtegundum og graslendi. Ofan til næst Fossavatni eru mosaholt með smárunnum og krækilyngsmóar með klófífu- og hengistarmýri á milli (mynd 4). Neðar eru lyngmóar meira áberandi og þar eru miklar aðalbláberjabrekkur en einnig er krækilyng, bláberjalyng og fjalldrapi. Niður við Langánna er mýrlendi með tjarnarstör og mýrelftingu, alls um 2,5 ha að stærð. Einnig eru þar tún og graslendi, beggja megin ár (mynd 5).


Skýringar á gróðurflokkun má finna í töflu 1.





Mynd 4. Gróðurlendi á rannsóknarsvæðinu. Efri hluti svæðisins.





Mynd 5. Gróðurlendi á rannsóknarsvæðinu. Neðri hluti svæðisins.

Tafla 1. Skýringar á gróðurlendi sem er á mynd 4 og 5.

### Gróðurlendi

#### Mosagróður

A4 Mosi með smárunnum

A8 Mosi með grösum og smárunnum

#### Lyngmói

B1 Krækilyng - fjalldrapi - bláberjalyng

B9 Aðalbláberjalyng

#### Graslendi

H1 Grös

H3 Grös með smárunnum

#### Ræktað land

R2 Tún í góðri rækt

R4 Önnur tún

#### Skógrækt

R6 Skógrækt

#### Hálfdeigja

T2 Hrossanál - starir - grös

### Mýri

U1 Mýrastör/stinnastör - hengistör

U4 Mýrastör/stinnastör - klófífa

U8 Mýrastör/stinnastör - gulstör

U10 Mýrelfting

U13 Mýrastör/stinnastör - mýrelfting

U19 Mýrastör/stinnastör - tjarnarstör

### Þekja

x Gróðurþekja að meðaltali 75%

z Gróðurþekja að meðaltali 50%

þ Gróðurþekja að meðaltali 25%

### Ógróið land

by Byggð

ey Áreyri

me Melar



Mynd 6. Skollakambur er víða í hlíðinni.

## Tegundir plantna

Alls fundust 89 villtar íslenskar tegundir háplantna og byrkninga á svæðinu. Plöntutegundirnar sem fundust eru algengar á þessu landsvæði og flestar algengar á landsvísu. Listi yfir íslenskar plöntur sem fundust í gróðurskoðun er í töflu 2.

Tafla 2. Listi yfir íslenskar blómplöntur sem fundust við gróðurskoðun. Nöfn á íslenskum plöntum eru samkvæmt Íslensku plöntuhandbókinni eftir Hörð Kristinsson (2010).

Íslenskt heiti	Latneskt heiti
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>
Augnfró	<i>Euphrasia frigida</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Belgjastör	<i>Carex panicea</i>
Birki	<i>Betula pubescens</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus subborealis</i>
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>
Bugðupuntur	<i>Avenella flexuosa</i>
Engjarós	<i>Comarum palustre</i>
Finnungur	<i>Nardus stricta</i>
Fjalladepla	<i>Veronica alpina</i>
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>
Fjallalógresi	<i>Trisetum spicatum</i>
Fjallapuntur	<i>Deschampsia alpina</i>
Fjallasmári	<i>Sibbaldia procumbens</i>
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>
Fjallavíðir	<i>Salix arctica</i>



Íslenskt heiti	Latneskt heiti
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>
Fjöllaufungur	<i>Athyrium filix-femina</i>
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Grámulla	<i>Omalotheca supina</i>
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Hálmgresi	<i>Calamagrostis neglecta</i>
Hengistö	<i>Carex rariflora</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Horblaðka	<i>Menyanthes trifoliata</i>
Hrafnafífa	<i>Eriophorum scheuchzeri</i>
Hrafnaklukka	<i>Cardamine pratensis</i>
Hrossanál	<i>Juncus arcticus ssp. intermedius</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>
Litunarjafni	<i>Diphasiastrum alpinum</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>
Lækjadepla	<i>Veronica serpyllifolia</i>
Mariústakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Melablóm	<i>Arabidopsis petraea</i>
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Músaeyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Mýrafinnungur	<i>Trichophorum caespitosum</i>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Mýrelfting	<i>Equisetum palustre</i>
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>
Skarífífill	<i>Leontodon autumnalis</i>
Skjaldburkni	<i>Polystichum lonchitis</i>
Skollaber	<i>Cornus suecica</i>
Skollafingur	<i>Huperzia selago</i>
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Slíðrastör	<i>Carex vaginata</i>
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>



Íslenskt heiti	Latneskt heiti
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Stjörnusteinbrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>
Stóriburkni	<i>Dryopteris filix-mas</i>
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>
Tófugras	<i>Cystopteris fragilis</i>
Túnfífill	<i>Taraxacum spp.</i>
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>
Undafífill	<i>Hieracium ssp.</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Vallelfting	<i>Equisetum pratense</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>
Vetrarblóm	<i>Saxifraga oppositifolia</i>
Þrílaufungur	<i>Gymnocarpium dryopteris</i>

## Fuglar

Einungis sáust fjórar tegundir í athugininni 17. ágúst 2012. Þær voru: Maríuerla (*Motacilla alba*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), heiðlóa (*Pluvialis apricaria*) og ein straumandarkolla (*Histrionicus histrionicus*) á Fossavatninu.

Eins og kemur fram í niðurstöðum um gróðurfar þá er við Fossavatnið lítt gróin holt með mosa og lyngmóa. Á þessu svæði má búast við þúfutittlingi, steindepli (*Oenanthe oenanthe*), snjótittlingi (*Plectrophenax nivalis*) og heiðlóu. Neðar eru lyngmóar ríkjandi ásamt stórum aðalbláberjabrekkum. Þúfutittlingur er líklega langalgengastur á þessu svæði. Neðst, við Langá, er mýrlendi með tjarnastör og mýrarelftingu. Þúfutittlingur og hrossagaukur (*Gallinago gallinago*) ættu að vera algengastir hérna en hugsanlega gætu verið hér jaðrakn (*Limosa limosa*), stelkur (*Tringa totanus*) og lóupræll (*Calidris alpina*).

Á nokkrum stöðum hefur verið hlaðið undir þrýstípípuna frá Fossavatni (sjá mynd 7) og er hugsanlegt að steindepill verpi á einhverjum stöðum í hleðslunni. Við stífluna er lítill skúr og gæti maríuerla orpið þar þó engin hreiður hafi sést í þessari athugin.



Mynd 6. Þrýstipípa og grjóthleðsla undir henni.

## Umræður

### Gróður

Svæðið einkennist af lyngmóum með mismundi lyngtegundum og graslendi. Ofan til næst Fossavatni eru mosaholt með smárunnum og krækilyngsmóar með klóffu- og hengistarmýri á milli. Neðar eru lyngmóar meira áberandi og þar eru miklar aðalbláberjabrekkur en einnig er krækilyng, bláberjalyng og fjalldrapi. Niður við Langána er mýrlendi með tjarnarstör og mýrelftingu, alls um 2,5 ha að stærð (mynd 5 og 8). Einnig eru þar tún og graslendi, beggja megin ár.

Gróðurlendin sem eru á rannsóknarsvæðinu eru algeng á Vestfjörðum. Flest eru líka algeng á landsvísu sérstaklega á snjóþyngri stöðum. Rask vegna lagningar á nýrri þrýstipípu verður aðallega tímabundið. Miðað við fyrirhugaða staðsetningu á stöðvarhúsi þá mun mýri raskast en staðsetning hússins hefur þó ekki verið endanlega ákveðin (sjá Orkubú Vestfjarða 2012). Það er því ekki hægt að segja til um hvað mikið af mýrinni raskast fyrir en endanleg staðsetning hefur verið ákveðin.



Mynd 8. Mýri og tún niður við Langá.

## Fuglar

Full seint er að athuga varpfugla og þéttleika þeirra í ágúst en hægt er þó að meta út frá búsvæði hvaða tegundir gætu orpið þarna og hugsanlega hvaða tegund(ir) sé ríkjandi. Miðað við gróðurfar á svæðinu og athuganir Náttúrustofu Vestfjarða á varpfuglum í svipuðu búsvæðum (óbirt gögn), þá er þúfuttlingur líklega algengastur á svæðinu. Steindepill og snjótittlingur gætu verið algengir við klapparholt (Sigurður Ægisson 1992) og í fjallshlíðum við Fossavatnið en í minna mæli þar sem þrýstípípan er núna og á fyrirhuguðu svæði. Í mýrlendinu við Langá má búast við þúfuttlingi, hrossagauki og stelk.

## Fuglar á valista

Ein tegund sem er á valista um fugla sást á svæðinu (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000) en það var straumönd. Hún gæti orpið hvar sem er upp með Langánni og í kringum Fossavatnið.

## Áhrif framkvæmdar á fuglalíf

Færsla á þrýstípípu hefur líklega engin áhrif á fuglalíf þar sem framkvæmdarsvæðið er lítið. Þær grjóthleðslur sem eru undir núverandi þrýstípípu gætu orðið varpstaðir steindepla og snjótittlinga ef þær eru það ekki nú þegar.

Ein möguleg staðsetning á nýju stöðvarhúsi er í mýrlendinu við Langá. Húsið tekur pláss frá þeim tegundum sem nýta svæðið en ólíklegt er þó að það hafi mikil áhrif á þúfuttling og hrossagauk þar sem þeir verpa oft nálægt mannvirkjum. Ef jaðrakan, stelkur og/eða lóupræll verpa í mýrlendinu þá gæti bygging á stöðvarhúsi þar haft áhrif á þær tegundir.

Í heild mun framkvæmdin líklega hafa lítil sem engin áhrif á varpfugla á svæðinu.



## Heimildir

Böðvar Þórisson. 2005. Fuglalíf í Kubbanum í Skutulsfirði. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 13-05.

Hörður Kristinsson. 2010. Íslenska plöntuhandbókin: Blómplöntur og byrkningar, Mál og menning.

Jóhann Hjaltason. 1949. Árbók 1949. Norður-Ísafjarðarsýsla. Ferðafélag Íslands.

Náttúrufræðistofnun Íslands. 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Náttúrufræðistofnun Íslands. 1997. Gróðurlykill.

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2000. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Orkubú Vestfjarða. 2012. Endurnýjun Fossárvirkjunar. Tilkynning til ákvörðunar á matsskyldu. Orkubú Vestfjarða, 8. ágúst 2012.

Sigurður Ægisson. 1992. Fuglalíf í botni Skutulsfjarðar. Unnið fyrir Vegagerðina.

## Vefheimildir

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2008. Plöntuvefsjá. Sótt 7. september 2012 af <http://vefsja.ni.is/website/plontuvefsja/>.

Starri Heiðmarsson. 2008. Válisti háplantna. Sótt 12.09.2012 af <http://www.ni.is/grodur/valisti/>.